



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð

### **Skíðaskáli Ármanns**

Vegna erindis Glímufélagsins Ármanns um endurbætur á skíðaskála félagsins í Bláfjöllum að kröfu Eldvarnareftirlitsins þar sem félagið á að ráðast í nú þegar umbeðnar endurbætur sem áætlað er að kosti 3.5 mkr.

Ef þetta verður gert nú mun verða hægt að hafa starfsemi á næsta skíðatímabili fyrir félagsmenn og almenning.

Lagt er til að umrædd framkvæmd verði samþykkt styrkhæf og uppgjör við félagið fari fram síðar.

Omar Einarsson,  
sviðsstjóri ÍTR.

15.06.2022

Menningar- íþróttá- og tómsundaráð

Bt: Ómars Einarssonar

**Efni: Úttekt eldvarnareftirlits á skíðaskála Ármanns í Bláfjöllum.**

Eldvarnareftirlit Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins kom í úttekt á skíðaskála Ármanns í Bláfjöllum 27.apríl 2022 og gerði þónokkrar athugasemdir. Margt sem sett er út á, er vegna breyttra reglna í seinni tíð og annað almenns eðlis. Stóru kostnaðarliðirnir eru að það þarf að skipta þarf út nokkrum hurðum og setja eldvarnarhurðir í staðinn, bæta neyðarlýsingu og setja upp nýtt brunakerfi sem er tengt stjórnstöð úti í bæ t.d Securitas. Glímufélagið Ármann er búið að fá tilboð í slíkt kerfi og heildarkostnaður við búnað, uppsetningu og tengingar er um 1.850.000. Heildar kostnaður við að fá úttekt og áframhaldandi leyfi til að nota skálann í haust er um 3.500.000kr. Þessi kostnaður er mikill fyrir félagið og óskar Glímufélagið Ármann eftir styrk vegna þessa. Verði ekki brugðist við þessum athugasemdum og farið í lagfæringar fyrir haustið fæst væntanlega ekki leyfi til notkunnar. Það hefur ekki bara áhrif á starfsemi félagsins heldur líka á þjónusta við almenning á Suðursvæðinu.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Ármanns.